

Ed.

543. Tillaga til þingsályktunar

[274. mál]

um sjúkraflug á Vestfjörðum.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Jafnframt því sem efri deild Alþingis lýsir stuðningi sínum við framkomna tillögu til þingsályktunar í neðri deild um athugun á sjúkraflugi á Vestfjörðum með þyrilvængju, ályktar deildin að fela ríkisstjórninni að láta jafnframt athuga, hvort hagkvæmara reynist að leysa slíkt sjúkraflug með rekstri vel útbúinnar tveggja hreyfla flugvélar, sem staðsett er á Vestfjörðum og styrkt af opinberu fé, og þeirri fjölgun og endurbótum á sjúkraflugvöllum, sem nauðsynleg reynist.

Greinargerð.

Undanfarið hefur að vonum mikið verið rætt um skort á góðri heilbrigðisþjónustu í dreifbýlinu. Mörg héruð landsins eru án lækna.

Helzt er rætt um að leysa þennan vanda með læknameiðstöðvum. Sú hugmynd er að ýmsu leyti athyglisverð. Þar geta starfað fleiri lækna en í einstökum héruðum og jafnvel sérfræðingar á ákveðnum sviðum, auk þess sem telja verður sjálf-sagt, að aðstaða í slíkum læknameiðstöðvum verði mjög góð. Slíkar stöðvar koma hins vegar að takmörkuðum notum, ef lækna komast ekki stóran hluta ársins til hinna ýmsu staða, sem á svæði viðkomandi læknameiðstöðvar eru. Einnig er oft nauðsynlegt að flytja sjúklinga í fullkomnari sjúkrahús, t. d. í Reykjavík, með mjög litlum fyrirvara.

Til lausnar á þessum vanda hefur verið lögð fram í neðri deild Alþingis þingsályktunartillaga um staðsetningu þyrilvængju á Vestfjörðum. Sú hugmynd er góðra gjalda verð, og er sjálf-sagt, að athuguð verði. Þyrilvængjur eru hins vegar mjög kostnaðarsamar, bæði í stofnkostnaði og í rekstri, einkum ef þær eru svo stórar, að þær geti þolað misjöfn veður og sviptivinda, sem tíðir eru á Vestfjörðum. Því telur flutningsmaður þessarar tillögu eðlilegt, að jafnframt sé kannað, hvort leysa megi þetta brýna mál Vestfjarða með vel útbúinni tveggja hreyfla flugvél og fjölgun og endurbótum á sjúkraflugvöllum.

Á Ísafirði er nú staðsett lítil eins hreyfils vél með takmarkaða möguleika til flugs í lélegu veðri. Þó hefur dugmiklum flugmanni vélarinnar tekizt að koma sjúklingum í sjúkrahús við hin erfiðustu skilyrði. Möguleikar til slíks mundu hins vegar stórum batna með fullkominni vél. Þeir menn, sem umrædda flugvél reka, hafa fullan hug á því að afla sé annarrar og fullkomnari vélar. Þó verður að ætla, að þeim verði rekstur slíkrar vélar ofraun án opinberrar aðstoðar. Hins vegar er sjálf-sagt, að hið opinbera styrki sjúkraflug mjög verulega. Því virðist ágætur grundvöllur til samstarfs við þessa aðila um lausn sjúkraflugs á Vestfjörðum, ef sú athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, bendir til þess, að slíkt sé hagkvæmt.

Sjúkraflugvellir eru allmargir á Vestfjörðum, en víða þarf að endurbæta þá og á nokkrum stöðum að gera nýja. Kostnaður við slíkt yrði hins vegar aðeins hluti af kaupverði þyrilvængju, auk þess sem slíkir flugvellir yrðu hinir þörfustu fyrir fólksflutninga almennt. Jafnframt því sem rekstur góðrar flugvélar er athugaður, er því nauðsynlegt að kanna, hvar endurbæta þarf sjúkraflugvelli eða gera nýja.